

STAÐA MÁLS

Málnr.:	M-00414/AIG-02
Dags:	1. maí 2014
Staður:	Eyjafjallajökull
Lýsing:	Hlekkist á í landingu
Staða máls:	Maí 2015: Rannsókn Maí 2016: Drög að lokaskýrslu hafa verið skrifuð Maí 2017: Drög lögð fyrir nefndina

Ferð þyrlunnar var heitið suður fyrir Eyjafjallajökul, yfir Fimmvörðuháls og að tókustað á Morinsheiði fyrir ofan Goðaland. Þegar komið var austur fyrir hæsta hluta jökulsins og stefnt var í norðaustur í átt að Fimmvörðuhálsi var ákveðið að lenda þyrlunni til að skipta um ljósasíu í kvikmyndabúnaði, þar sem að birtuskilyrði höfðu breyst.



Í landingunni hlekkist þyrlunni á, með þeim afleiðingum að spaðarnir fóru í jökulinn og þyrlan endaði á hægri hliðinni. Þyrlan er ónýt.

Rannsóknin beinist að landingarskilyrðum.